

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2017, mánudaginn 18. desember kl. 13.15 var haldinn 253. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Áslaug M. Friðriksdóttir, Rakel Óskarsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson. Einnig tók þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerð stjórnarfundar SF 252 undirrituð og staðfest.
2. Lög fram svohljóðandi tillaga um fjármögnun félagsins, ásamt áhættuskýrsla, dags. 30. nóvember 2017:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir heimild til forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála til fjármögnunar, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 15 milljarða króna á árinu 2018. Heimild til skuldabréfa- og víxlaútgáfu fellur undir ramma OR sem stofnaður var utan um fjármögnun á íslenskum fjármálamarkaði á árinu 2016. Útgáfurammi þessi var samþykktur af stjórn OR í október 2016 og veitir heimild til útgáfu skuldabréfa og víxla og getur heildarútgáfa numið allt að 50 milljörðum króna, útistandandi á hverjum tíma. Fjármögnunarheimildin er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala sem heimildin nær yfir.

Samþykkt samhljóða.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á tekju- og fjárhagsmódeli Gagnaveitu Reykjavíkur eins og óskað var eftir á stjórnarfundi SF 252.

Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitunnar, og Árni Árnason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram erindi Símans, dags. 27. nóvember 2017, varðandi aðgang að aðgangsneti Gagnaveitu Reykjavíkur. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið upplýst um að viðræður Gagnaveitu Reykjavíkur og Símans um aðgang séu þegar hafnar.

5. Fram fer kynning á drögum að framtíðarsýn fráveitu.

Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna ohf. og Fjóla Jóhannesdóttir, fagstjóri fráveitu, taka sæti á fundinum undir þessum leið.

6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 14. desember 2017, og minnisblað um forðagæslu, dags. s.d.

7. Fram fer kynning á framvindu stefnuverkefna samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.

Guðrún Erla Jónsdóttir stefnustjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Lögð fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2018. Samþykkt.

9. Lögð fram skýrslu um starfsemina á milli stjórnarfunda.

Fundi slitið kl. 16.10.

Brynhildur Davíðsdóttir

Áslaug M. Friðriksdóttir
Kjartan Magnússon
Sigríður Rut Júlíusdóttir

Gylfi Magnússon
Rakel Óskarsóttir
Björn Bjarki Þorsteinsson.